

# Neyðarmóttaka kynferðisofbeldis

## Sálfræðipjónusta

Polendum kynferðisofbeldis, sem leita til neyðarmóttöku Landspítala, stendur til boða að fá aðstoð sálfræðings sem hefur sérhæft sig í úrvinnslu kynferðisofbeldis.

### Fyrstu samskipti - símtal

Pjónusta sálfræðings hefst með símtali sem ætti að berast þolanda innan viku frá komu á neyðarmóttökuna. Tilgangur þess er að kanna hvernig gengur að takast á við atburðinn og afleiðingar hans og meta þörf fyrir viðtalstíma. Hafir þú ekki heyrt frá sálfræðingi neyðarmóttökunnar innan viku hvetjum við þig til að hafa samband í síma 543 4097 eða senda póst á netfangið [neydarmottaka@landspitali.is](mailto:neydarmottaka@landspitali.is). Hafðu samband símleiðis, teljir þú þig þurfa aðstoð strax.

### Fyrsta viðtal

Í fyrsta viðtali er áhersla lögð á að meta líðan, veita fræðslu um eðlileg viðbrögð við áföllum og ræða hjálplegar leiðir til að takast á við afleiðingar þeirra. Tekið er mið af þörfum hvers og eins en spurningalistar eru m.a. notaðir til að meta líðan. Í viðtalinu er metin þörf á áframhaldandi stuðningi og úrvinnslu áfalls í samvinnu við þolanda. Ef talið er að önnur vandamál trufla úrvinnslu áfallsins getur sálfræðingurinn vísað í önnur úrræði. Styrking eigin úrræða og stuðningsnets er mjög mikilvæg.

### Úrvinnslutími

Úrvinnsla kynferðisofbeldis tekur mislangan tíma og er háð ýmsu, s.s. svo sem eðli atburðar og fyrri reynslu. Hafa ber í huga að ekki þurfa allir á formlegri meðferð að halda. Fyrir suma er nóg að fá fræðslu og stuðning fyrst eftir atburðinn.

### Kostnaður

Viðtöl hjá sálfræðingi neyðarmóttökunnar eru þolendum að kostnaðarlausu.

### Þagnarskylda

Samkvæmt lögum og siðareglum sálfræðinga eru sálfræðingar bundnir trúnaði og þagnarskyldu. Það þýðir að öðrum eru ekki veittar upplýsingar um þig nema með skriflegu leyfi þínu.

### Mögulegar undantekningar á þessu eru:

- Sálfræðingum er skylt skv. 17. grein barnaverndarlaga að tilkynna barnaverndaryfirvöldum öll mál þolenda yngri en 18 ára. Það er gert með vitund þolenda og forráðamanns hans.
- Ef grunur leikur á að þú, barn eða þriðji aðili sé líklegur til að valda sér eða öðrum skaða ber sálfræðingnum að tilkynna það til viðeigandi stofnunar eða yfirvalda.

#### Hafðu samband við sálfræðing neyðarmóttöku Landspítala ef:

- Sálfræðingur hefur ekki haft samband innan viku eftir komu á neyðarmóttöku.
- Ef þú telur þig þurfa aðstoð strax.

### Símanúmer og netfang

Sálfræðingur neyðarmóttöku Landspítala, s. 543 4097, opið virka daga kl. 08:00-16:00.

Tölvunetfang: [neydarmottaka@landspitali.is](mailto:neydarmottaka@landspitali.is)

Skiptiborð Landspítala, s. 543 1000